


DAGDEILD

UPPLÝSINGAR VEGNA FYRIRHUGAÐRAR SKURÐAÐGERÐAR

Komudagur: _____

Kl.: _____



Unnið af starfsfólki dagdeildar SA
í sept. 2000/síðast endursk. maí 2017/PH
SHA/rmbæk3

HVE Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

Almennar upplýsingar

Dagdeildin er á annarri hæð sjúkrahússins gegnt stiganum.

Opnunartími deildarinnar er mánudaga til föstudaga kl. 08:00 - 16:00.

Símatími kl. 13:00—14:00 alla virka daga. Sími 432 1140.

Strax við komu gefur þú þig fram hjá hjúkrunarfræðingi deildarinnar.

Þú þarft að vera fastandi á mat í 6 klst. fyrir aðgerð, en mátt drekka vatn allt að 2 klst. fyrir aðgerðina.

Ekki er æskilegt að reykja að morgni aðgerðardags.



Þú þarft að fara í sturtu kvöldið fyrir aðgerð, eða að morgni aðgerðardags.

Þú skalt kynna þér efni fræðslubæklinga um aðgerðina

Lyf

Þú þarft að hafa meðferðis þau lyf sem þú tekur að staðaldri, eða lyfjakort.

Ef þú notar blóðþynningarlyf eða Magnyl skalt þú láta vita.

Ágætt er að eiga væg verkjalyf, t.d. Parasetamól. Læknir skrifar lyfseðil fyrir útskrift ef annarra lyfja er þörf.

Varsla persónulegra muna

Deildin getur ekki ábyrgst fjármuni né verðmæti sem fólk hefur meðferðis. Hjúkrunarfræðingar setja þó vermæti í geymslu í læstum skáp sé þess óskað.

Útskrift

Það er nauðsynlegt að einhver fullorðinn sæki þig við útskrift af deildinni. Þú mátt ekki keyra

ökutæki fyrr en daginn eftir aðgerð vegna áhrifa svæfingar-/deyfingarlyfja.

Kostnaður

Þér ber að greiða hlut sjúklings skv. reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Gjaldið ber að greiða hjá móttökuritari, sem staðsettur er í anddyri sjúkrahússins.

Upplýsingar

Ef þú hefur þörf fyrir frekari upplýsingar fyrir/ eftir aðgerðina hringdu þá í síma dagdeildarinnar 432 1140 í símatíma (kl. 13-14 virka daga).

Þúfir þú hjálp við að ná í skurðlækninn þinn skaltu hringja í skiptiborð í síma 432 1000 frá kl. 08 - 18 virka daga en vakthafandi aðstoðarlækni á kvöldin og um helgar.

Sjúkrahúsið veitir þjónustu allan sólarhringinn þannig að það er sjálfsagt að hafa samband ef eitthvað bjátar á.

Með bestu kveðju
starfsfólk dagdeildar
HVE Akranesi

